

Sþ.

214. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um frv. til fjárlaga fyrir árið 1974 á 42 fundum, auk þess, að undirnefndir hafa unnið að sérstökum málaflokkum. Talsvert á 6. hundrað erindi hafa borist nefndinni, og á fund hennar hafa komið fjölmargir aðilar frá ríkisstofnunum, sveitarstjórnnum og félagssamtökum.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins, og munu fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gefa út sérálit. Nefndin flytur þó sameiginlega brtt. á þskj. 204, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hafa tekið fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur, og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Nefndin hefur fyrir 2. umræðu lagt fram tillögur varðandi alla helstu framkvæmdaliði og skiptingu þeirra á einstök verkefni. Af ákvörðunum um fjárveitingar, sem bíða 3. umræðu, má nefna: Útgjöld vegna launahækkana, hækkunar lífeyrisgreiðslna og hækkunar sjúkratrygginga, húsnæðismál Tækniskólans, málefni Orkustofnunar vegna nýjustu viðhorfa í orkumálum og málefni Ríkisútvarpsins. Enn fremur bíða heimildartillögur 3. umræðu að venju.

Stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar hafa á valdatíma sínum markvisst unnið að því að tryggja í senn afkomu þjóðarhúsins og sérhvers þjóðfélagsþegns með stóreflingu atvinnulífsins um allt land og sérstökum aðgerðum á þeim stöðum, þar sem áður var landlægt atvinnuleysi.

Í þessu skyni hefur landhelgin verið færð út eftir rúmlega áratugs athafnaleyfi fyrrv. ríkisstjórnar, fiskiskipaflotinn verið stórefldur eftir eyðingu togaraflotans á viðreisnarárunum, átak verið unnið í endurnýjun og umbótum á frystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum og framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna verið stóraukin.

Árangur þessarar stefnu blasir við hvarvetna um landið í umskiptum frá staðbundnu atvinnuleysi, sem áður var ríkjandi víða úti á landsbyggðinni, til þess atvinnuástands, sem nú ríkir hvarvetna í landinu, þar sem vinnuaflíð er það, sem nú skortir mest.

Jafnframt eflingu atvinnulífsins með aðgerðum ríkisvaldsins hefur verið stefnt að stórauknum félagslegum framförum, ekki síst í heilbrigðis- og tryggingamálum. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og félagsmálum stefna að því að tryggja í ríkara mæli en áður hefur verið gert, að þjóðfélagsþegnarnir búi, án tillits til

búsetu, við sem jafnasta aðstöðu að því er varðar atvinnuöryggi, tekjur og félagslega þjónustu.

Til þess að ná þessu marki hafa núv. stjórnarflokkar staðið að lagasetningu um aukin ríkisframlög til fjárfestingarsjóða, um aukna hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sjúkrahúsa og hafnagerð, og sett hafa verið lög um þátttöku ríkisins í byggingu elliheimila og í byggingu og rekstri dagvistunarheimila. Með lagasetningu hafa verið tryggð veruleg framlög ríkisins til jöfnunar námskostnaðar eftir búsetu, og sett hafa verið lög, sem hafa tryggt stóraukinn kaupmátt tryggingabóta.

Þessar aðgerðir og lagasetningar hafa að sjálfsögðu í för með sér aukna tekjuþörf og hækkun heildarútgjalda á fjárlögum. Þrátt fyrir áhugaleysi sitt um framgang þessara málefna á valdatímum „viðreisnarstjórnarinnar“ hafa þeir flokkar, sem að henni stóðu, ekki treyst sér til þess að hafa uppi andstöðu við þá lagasetningu og fjárveitingar til tryggingar atvinnuöryggi og félagslegum framförum, sem hér hafa verið að nokkru taldar. Það sýnir hins vegar raunverulegan hug þessara flokka og er í samræmi við athafnaleysi þeirra á stjórnarárum þeirra, að þeir snúast síðan gegn þeim óhjákvæmilegu afleiðingum, að þessi útgjöld valda hækkun á fjárlögum og að afla verður tekna til þeirra málaflokka, sem vanræktir voru, en verið er að efla.

Skal nú farið nokkrum orðum um ýmsa þá málaflokka, sem mest áhersla hefur verið lögð á, og getið tillagna um fjárveitingar til þeirra á næsta ári.

Framlög til hafnarframkvæmda hækka frá frv. um 144 millj. kr. og framlag til Hafnabótasjóðs um 17.3 millj. Hækka þá framlög ríkisins til hafnarframkvæmda úr 206.8 millj. kr. á núgildandi fjárlögum í 838 millj. kr. á næstu fjárlögum, eða um 631.2 millj. kr. Er þá meðtalin 394 millj. kr. fjárveiting til sérstakra hafnarframkvæmda í Höfn í Hornafirði, Þorlákshöfn og Grindavík. Af þeirri upphæð er 290 millj. kr. aflað með lánsfé, en bein fjárveiting til þeirra framkvæmda nemur 164 millj. kr.

Framlag ríkissjóðs til annarra hafnarframkvæmda hækkar samkvæmt framan-sögðu um 237.2 millj. kr., og beinar fjárveitingar, sem ekki er aflað með lánsfé, hækka samtals um 341.2 millj. kr. eða um 165% frá núg. fjárlögum. Framlag til hafnabótasjóðs hækkar úr 22 millj. kr. í 53.3 millj. kr. eða um 150%. Heildarframlög ríkissjóðs til hafnarframkvæmda á næsta ári nema þá samtals 891.3 millj. kr., og er þar um alger tímamót að ræða um stuðning ríkisins við hafnagerð.

Hlutdeild ríkisins í hafnarframkvæmdum hefur nú verið verulega aukin, og ætti það að bæta hag hafnarsjóðanna, en hann er yfirleitt mjög bágborinn. Til viðbótar við aukna þátttöku ríkissjóðs í framkvæmdakostnaði hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að aðstoða hafnarsjóðina. Voru þeim á s.l. sumri veittar 117 millj. kr. að láni úr Hafnabótasjóði, þar af voru á grundvelli heimildar í núg. fjárlögum veittar 40 millj. kr. sem sérstök fjárhagsaðstoð til þeirra hafna, sem verst voru settar. Þau lán eru til 15 ára og afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Við 3. umr. um fjárlögin mun verða flutt tillaga um sams konar heimild til aðstoðar við hafnarsjóði á næsta ári.

Á eftirfarandi töflu eru sýnd framlög vegna kostnaðarhluta ríkisins í hafnarframkvæmdum s.l. 4 ár og framlög á næsta ári skv. fjárlfrv. og tillögum, sem fyrir liggja á þskj. 204:

Hafnarframkvæmdir		Hafnabótasjóður	
	Þús. kr.		Þús. kr.
1970	78 050	1970	17 000
1971	99 365	1971	17 000
1972	161 800	1972	22 000
1973	206 800	1973	22 000
1974	838 000	1974	53 300

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um úrbætur og jöfnuð, að því er tekur til félagslegrar þjónustu, hafa nú tekið gildi ný lög um frumkvæði og

aukinn kostnaðarhlut ríkisins við uppbyggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, læknamíðstöðva, elliheimila og læknaþústaða. Hækka framlög á fjárlögum til þessara þátta verulega, úr 170 987 þús. kr. á núg. fjárl. í 306 170 þús. kr. Eru ríkissjúkrahús þá ekki meðtalin.

Framlög ríkisins til ofangreindra framkvæmda hafa verið sem hér segir:

	Þús. kr.
1970	57 625
1971	82 900
1972	151 578
1973	170 987
Samkvæmt till. á þskj. 204 1974	306 170

Á síðasta þingi beittu stjórnarflokkarnir sér fyrir setningu laga um stuðning ríkisins við byggingu og rekstur dagvistunarheimila, og er nú í fyrsta sinn varið verulegum fjárhæðum úr ríkissjóði til þessarar þjónustu.

Framlög ríkissjóðs til dagvistunarheimila og sumardvalarheimila hafa verið sem hér segir undanfarin ár:

	Byggingarstyrkur. Þús. kr.	Rekstrarstyrkur Þús. kr.
1970	600	900
1971	600	900
1972	1 000	2 000
1973	1 150	2 000
Samkvæmt till. á þskj. 204 1974	40 000	47 000

Þegar núv. ríkisstjórn tók við völdum, voru vangreidd framlög ríkissjóðs til íþróttamannvirkja í eign íþróttasamtaka og sveitarfélaga um 80 millj. kr. og höfðu hækkað með ári hverju, þar sem fjárveitingum fékkst ekki hnikað til hækkanar. Núverandi stjórnarflokkar hækkuðu framlög til Íþróttasjóðs um 160% þegar á fyrsta stjórnarári, og hefur fjárveitingum síðan verið hagað skv. áætlun um að rétta hag sjóðsins við, ljúka greiðslu skuldásúpunnar á næstu 3 árum og styðja jafnframt áframhaldandi óhjákvæmilega uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu. Samkv. till. á þskj. 204 hækkar framlag til Íþróttasjóðs um 19 millj. kr. frá núg. fjárl. og nemur þá 44 millj. kr., sem er um 9 sinnum hærri upphæð en Sjálfstfl. og Alþýðufll. töldu hæfilegt að veita til þessara mála árið 1971.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Íþróttasjóðs hafa verið sem hér segir á undanförunum árum:

	Þús. kr.
1970	5 000
1971	5 000
1972	13 000
1973	25 000
Samkvæmt till. á þskj. 204 1974	44 000

Fjárveitingar til flugmála hafa hækkað verulega í stjórnartíð núv. ríkisstjórnar, og í brtt. á þskj. 204 er gert ráð fyrir, að fjárveitingar í þessum málaflokki hækki um nær 100 millj. kr. eða um nál. 130%. Framlög til flugvalla, sem eru mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálum almennings úti á landsbyggðinni, hafa þannig nær 6-faldast frá síðasta stjórnarári „viðreisnarflokkanna“.

Fjárveitingum til flugvalla er nú í fyrsta sinn skipt á einstaka staði, enda má segja, að til skamms tíma hafi fjárveitingar verið svo lágar, að naumast hafi tekið því að sundurliða þær í fjárlögum.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til flugvallagerðar hafa verið sem hér segir á undanförunum árum:

	Þús. kr.
1970	21 874
1971	31 000
1972	75 000
1973	75 000
Samkvæmt brtt. á þskj. 204 1974	172 200

Ríkisstjórnarflokkarnir tryggðu stuðning til jöfnunar námsaðstöðu eftir búsetu með sérstakri lagasetningu, og er gert ráð fyrir, að á næsta ári verði veittar 75 millj. kr. til jöfnunar á námskostnaði.

Jafnframt er á þskj. 204 gerð tillaga um að hækka fjárveitingu til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 30 millj. kr., og nemur sú fjárveiting þá alls 486.6 millj. kr. á næsta ári, sem svarar til þess, að lán nemi um 83% af umframfjárbörf, en námu 62.9% 1971.

Sérstakur stuðningur úr ríkissjóði við námsmenn, þ.e. námslán og framlög til jöfnunar námskostnaði, hafa numið neðangreindum upphæðum á undanförunum árum:

	Þús. kr.
1970	67 990
1971	105 625
1972	215 000
1973	373 600
Samkvæmt brtt. á þskj. 204 1974	561 600

Hafa þessi framlög rúmlega 8-faldast frá árinu 1970.

Það hefur verið stefna stjórnarflokkanna að bæta þjónustu sjúkratrygginganna og auka kaupmátt lífeyrisgreiðslna samtímis því, að þeir hafa beitt sér fyrir niðurfellingu nefskatta til almannatryggingakerfisins, en þeir komu harðast niður á efnalitlu fólki í þjóðfélaginu. Þessi stefna hefur í för með sér stóraukin útgjöld úr ríkissjóði til almannatrygginga, útgjöld, sem núv. stjórnarandstöðuflokkar hafa ekki treyst sér til að standa gegn, enda þótt þeir leiði hjá sér tekjubörfina, sem af úrbótum í tryggingamálum leiðir.

Framlög á fjárlögum til almannatrygginga hafa verið sem hér segir neðangreind ár:

	Þús. kr.
1970	2 185 100
1971	2 953 100
1972	5 522 200
1973	7 076 470
Áætlað 1974	9 700 000

Meðal margháttaðra ráðstafana, sem stjórnarflokkarnir hafa gert til þess að styðja atvinnuvegina í landinu, hafa verið stórauknar fjárveitingar úr ríkissjóði til stofnlánasjóða.

Framlög í eftirgreinda sjóði eru á fjárlagafrv. sem hér greinir, til sammanburðar eru framlög á fjárl. 1970:

	1974 Þús. kr.	1970 Þús. kr.
Iðnlánasjóðir	100 000	0
Stofnlánad. landb.	121 000	21 000
Fiskveiðisjóður	210 000	0

Við 2. umræðu um fjárlög eru kjaramál í landinu enn í deiglu. Samningar standa yfir milli atvinnurekenda og almennu verkalýðsfélaganna svo og milli ríkisvaldsins og starfsmanna ríkisins. Ákvarðanir um fiskverð hafa ekki verið teknar. Samtímis eiga sér stað meiri sveiflur í efnahags- og verðlagsmálum í helstu við-

skiptalöndum okkar en áður hefur þekkt á friðartímum. Sérstakar viðræður standa yfir milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um lausn kjaramálanna, þ. m. t. verðlags- og vísitölumál. Óljóst er enn, hvernig þessi mál ráðast og flytur meirihl. fjvn. því ekki fyrr en við 3. umr. tillögur um breytingar á tekjublið frumvarpsins.

Sú framfarastefna að efla íslenskt atvinnulíf og efnahagslegt sjálfstæði með margháttaðri aðstoð og forustu ríkisvaldsins, að stórauka samfélagslegar framkvæmdir í því skyni að bæta þjónustu við almenning og jafna aðstöðu þegnanna hvarvetna í landinu og að auka í ríkum mæli kaupmátt tryggingabóta hefur að sjálfsögðu kallað á aukin útgjöld úr ríkissjóði. Sú stefna, sem áður ríkti, stefna „viðreisnarflokkanna“, olli landlægu atvinnuleysi og fólksflóttu úr mikilsverðum framleiðslubyggðum, m. a. vegna þess, að þá var því í engu sinnt að tryggja því fólki, sem þar bjó, nauðsynlegustu aðstöðu og þjónustu, sem sjálfsögð þykir í þéttbýlinu.

Þeir, sem styðja stefnu núv. ríkisstjórnar um auknar samfélagslegar framkvæmdir og jöfnuð að því er varðar atvinnuöguleika og þjónustu, svo sem í heilbrigðismálum og samgöngumálum, gera sér að sjálfsögðu ljóst, að fjárveitingar og óhjákvæmileg skattheimta til þessara samfélagslegu framkvæmda og þjónustu er grundvöllur framfara og jafnréttis þegnanna, hvar sem þeir búa í landinu.

Þess er því að vænta, að launþegasamtökin og stjórnvöld landsins tryggi með viðræðum sínum og samningum framgang þeirra tillagna, sem stjórnarflokkarnir hafa flutt við fjárlagaafgreiðsluna um nýtt átak til framkvæmda og framfara hvarvetna um landið.

Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Aðalskrifstofa: Lagt er til, að veittar verði 560 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns til að sinna málefnum dagvistunarheimila. — Fjárveiting til námsskráargerðar vegna iðnfræðslu hækkar um 1 000 þús. kr. — Lagt er til, að veittar verði 275 þús. kr. til að styrkja kennara, einn eða fleiri, til náms í talkennslu fyrir vangefin börn.

Háskóli Íslands: Gerð er tillaga um 2 681 þús. kr. hækkun launagreiðslna í læknaeild vegna fjölgunar lækna við kennslu, til þess að unnt sé að komast hjá takmörkun á innngöngu læknanema í deildina. — Ennfremur hækka laun í verkfræðideild um 1 035 þús. kr., þar sem gert er ráð fyrir ráðningu prófessors frá 1. apríl og dósentis frá 1. sept. n. k. í því skyni að hefja á næsta hausti kennslu í haffræði við Háskólann.

Lagt er til, að veittar verði 806 þús. kr. til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands vegna uppsetningar og rekstrar jarðskjálftamæla.

Gerð er tillaga um að verja 15 000 þús. kr. til að hefja nýbyggingu við hús Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins að Keldnaholti.

Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Akureyri er hækkaður um 2 000 þús. kr. vegna endurbóta á húsnæði. — Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Ísafirði hækkar um 3 300 þús. kr. vegna gerðra verksamninga. — Gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann í Hamrahlið hækkar um 1 000 þús. kr. í 3 millj. kr. — Framlag til byggingar menntaskóla á Austurlandi hækkar um 10 000 þús. kr.

Lagt er til, að Stýrimannaskólanum í Reykjavík verði veitt hækkun á framlagi til tækjakaupa um 1 millj. kr. — Lagt er til, að gjaldfærður stofnkostnaður Fósturskóla Íslands hækki um 1 millj. kr. — Framlag til Myndlista- og handíðaskólans til áhaldna- og tækjakaupa hækkar um 250 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 2 000 þús. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað við Menntaskólann í Kópavogi.

Gjaldfærður stofnkostnaður við Kennaraháskóla Íslands hækkar um 6 600 þús. kr. og við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans um 1 000 þús. kr.

Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar við Íþróttakennaraskóla Íslands hækkar um 1 500 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til héraðsskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 16 400 þús. kr. — Flutt er tillaga um, að framlag til byggingar Skálholtsskóla hækki um 1 millj. kr.

Framlag til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla o. fl. hækkar um 158 406 þús. kr.

Lagt er til að veittar verði 4.6 millj. kr. til að koma á fót í leiguhúsnaði dagheimili fyrir fjölfötluð börn. — Flutt er tillaga um, að framlag til byggingar dagvistunarheimila hækki um 30 000 þús. kr. í 40 000 þús. kr.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 30 000 þús. kr. í 486 600 þús. kr., og ættu lán því að nema a. m. k. 83% af umframfjárbörf.

Lagt er til, að liðurinn: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækki um 200 þús. kr. í 1 800 þús. — Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 1 165 þús. kr. — Framlag til starfsemi stúdenta, þ. e. til Stúdentaráðs Háskólans og Sambands ísl. námsmanna erlendis, hækkar um 100 þús. kr.

Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík hækkar um 200 þús. kr.

Lagt er til, að greiðslur til Þjóðminjasafns Íslands hækki samtals um 1 200 þús. kr. Þar er um að ræða 300 þús. kr. hækkun launa og 200 þús. kr. hækkun rekstrarkostnaðar vegna Örnefnastofnunar til örnefnasöfnunar, 400 þús. kr. hækkun rekstrargjalda til söfnunar minja, sem tengdar eru sjósókn og útgerð vegna væntanlegs sjóminjasafns. Enn fremur 300 þús. kr. hækkun rekstrargjalda vegna hækkunar framlags til viðhalds gamalla húsa og 50 þús. kr. hækkun yfirfærslu vegna hækkunar greiðslu til Safnastofnunar Austurlands.

Laun við Þjóðskjalasafn hækkun um 260 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanns í hálfu starfi í viðgerðarstofu safnsins.

Lagt er til, að laun við Listasafn Íslands hækki um 360 þús. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða. Upphæðin er í núg. fjárlögum.

Lagt er til, að framlag til Menningarsjóðs verði hækkað um 700 þús. kr. Hér er um að ræða styrk til að gera heimildarkvikmynd.

Liðurinn Aðrir Tónlistarskólar hækkar um 3 000 þús. kr., en þessi liður hefur reynst vanáætlaður á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir, að ríkið greiði $\frac{1}{3}$ hluta rekstrarkostnaðar skólanna. — Lagt er til, að rekstrarframlag til Barnamúsíkskólans hækki um 600 þús. kr.

Framlag til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 1 500 þús. kr. í 5 500 þús. kr. — Lagt er til, að framlag til Bandalags ísl. leikfélaga verði nú sem sérstakur liður á fjárl. og nemi 800 þús. kr. Þar er um 300 þús. kr. hækkun að ræða. — Þá er lagt til, að liðurinn Önnur leiklistarstarfsemi hækki um 1 700 þús. kr. og nemi 5 200 þús. kr. — Gerð er tillaga um nýjan lið í fjárlögum: Til leiklistarskóla 1 500 þús. kr. Skóli þessi yrði á vegum Þjóðleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur.

Nefndin leggur til, að heiðurslaun listamanna hækki um 900 þús. kr., starfslaun listamanna um 1 000 þús. kr. og listamannalaun um 2 670 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 460 þús. kr. í greiðslu stofnkostnaðar til Tónlistarskóla Sigursveins D. Kristinssonar. — Lagt er til, að Tónlistarfélagi Mosfellssveitar, Tónlistarfélagi Árnassýslu og Tónlistarfélagi Hafnarfjarðar verði veittar 144 þús. kr. hverju vegna endurbóta á húsnaði. Hér er um síðari greiðslu af tveimur að ræða.

Nýr liður: Styrkur til færeysks rithöfunar á Íslandi 100 þús. kr.

Framlag til Íþróttasjóðs hækkar um 17 100 þús. kr., þar af rekstrarstyrkir um 1 000 þús. og til byggingar íþróttamannvirkja um 16 100 þús. kr.

Framlög til Æskulýðsráðs Íslands og félagssamtaka á liðnum Æskulýðsmál hækkar samtals um 2 250 þús. kr., sem sundurliðast þannig:

Æskulýðsráð	800 þús. kr.
Ungmennafélag Íslands	900 — —
Bandalag isl. skáta	150 — —
Æskulýðssamband Íslands	200 — —
Bandalag isl. farfugla	25 — —
Starfsemi KFUM í Vatnaskógi	25 — —
Nýir aðilar eru:	
Samband bindindisfélaga í skólum	50 — —
Íslenskir ungtemplarar	50 — —
Æskulýðsnefnd S.-Þingeyjarsýslu	50 — —

Lagt er til, að Frjálsíþróttasamband Íslands verði veittur styrkur vegna Evrópu-meistaramóts á næsta ári, 100 þús. kr.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækki um 700 þús. kr.

Framlag til Skáksambands Íslands hækkar um 100 þús. kr. og styrkur vegna alþjóðaskákmóta um jafnháa upphæð.

Lagt er til, að framlag til sjómannastofa hækki um 600 þús. kr. — Bandalag isl. skáta, hjálparsvéitir, hækkar um 50 þús. kr. Þar er um að ræða hækkun á styrk vegna sporhunds.

Framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkar um 350 þús. kr. í 1 700 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til Hlíðardalsskóla hækki um 300 þús. kr. í 900 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Til þjóðháttá- og byggðakvikmynda 300 þús. kr. — Lagt er til, að veittar verði 300 þús. kr. til sumarnámskeiða í Leirárskóla. — Norrænt laganemamót verður haldið á Íslandi á næsta ári. Lagt er til, að Félagi laganema við Háskóla Íslands verði veittur 250 þús. kr. styrkur vegna mótsins.

Nýr liður: Til rannsókna á fornum þingstað í Kópavogi 75 þús. kr. Styrkurinn er veittur Lista- og menningarsjóði Kópavogs.

Um 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til upplýsinga- og kynningarstarfsemi hækki um 2 000 þús. kr., en jafnframt falli niður sérstakur styrkur, 500 þús. kr., til tímaritsins Iceland Review. Er þá gert ráð fyrir, að ráðuneytið ráðstafi fé af viðbótarupphæðinni til kaupa á tímaritinu.

Um 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til Jarðeignasjóðs ríkisins hækki um 2 000 þús. kr. í 8 000 þús. kr. — Framlag til Tilraunastöðvar landbúnaðarins á Akureyri hækkar um 2 000 þús. kr. vegna væntanlegs flutnings stofnunarinnar.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr undirliður við liðinn Landnám ríkisins: Til byggingar gróðurhúsa 1 000 þús. kr., en samkv. lögum er gert ráð fyrir slíkum styrkveitingum.

Lagt er til, að framlag til Fiskræktarsjóðs hækki um 1 300 þús. kr.

Framlag til fyrirhleðslna hækkar um 75 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 204.

Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta í Hrísey hækkar um 2 000 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 1 000 þús. kr. til endurbóta íbúðarhúss að Skriðuklaustri.

Rekstrarstyrkur til félagssamtakanna Landvernd hækkar um 200 þús. kr. í 500 þús. kr.

Um 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Lagt er til, að framlag til stofnunar útibúa Hafrannsóknastofnunar hækki um 1 500 þús., og er þá gert ráð fyrir stofnun og starfrækslu tveggja útibúa.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, útibú: Lagt er til, að liðurinn hækki um 500 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir einu útibúi.

Lagt er til, að liðurinn til sjóvinnunámskeiða og skólabáta hækki um 2 000 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir að koma á fót námskeiðum í meðferð veiðarfæra úti á landi.

Lagt er til, að veittar verði 3 000 þús. kr. til veiðieftirlits á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Lagt er til, að launaliður hjá Skrifstofu Rannsóknastofnana atvinnuveganna hækki um 880 þús. kr. Hér er um að ræða ráðningu fulltrúa allt árið og aðstoðargjaldkera hálf árið.

Um 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Liðurinn rekstur sýslusamlaga fellur niður, en sömu upphæð, 4 529 þús. kr., er deilt niður á launa- og rekstrarkostnað viðkomandi embætta.

Gjaldfærður stofnkostnaður hjá embætti lögreglustjórans í Bolungarvík hækkar um 2 000 þús. kr. Þar er um að ræða skuld við hreppsfélagið vegna húsbýggingar.

Launaliður hjá sýslumannsembættinu á Selfossi hækkar um 511 þús. kr. vegna ráðningar starfsmanna sjá tryggingaumboði.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, sem um n.k. áramót verður jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu, er gert ráð fyrir aukningu starfsliðs, og hækkar launaliður um 2 421 þús. kr. Þar er að nokkru um hækkun að ræða vegna vanáætlunar í frv.

Nýr liður: Matsnefnd eignarnámsbóta, skv. lögum um framkvæmd eignarnáms. Nettókostnaður er áætlaður 1 250 þús. kr.

Styrkur til endurbóta á Auðkúlukirkju hækkar um 25 þús. kr. í 100 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til Kirkjubýggingasjóðs hækki um 1 000 þús. kr. í 5 000 þús. kr.

Um 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Lagt er til, að styrkur til Iðnnemasambandsins hækki um 120 þús. kr.

Framlag til Neytendasamtakanna hækkar um 200 þús. kr. í 450 þús. kr.

Nýr liður: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 250 þús. kr. Þessi liður er á núg. fjárlögum.

Lagt er til, að styrkur til Blindrafélagsins hækki um 500 þús. og sú textabreyting verði, að styrkurinn verði ekki einskorðaður við byggingarstyrk.

Framlag til Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra hækkar um 500 þús. kr. í 1 000 þús. kr.

Um 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Lagt er til, að stofnkostnaðarframlag til Landspítalans hækki um 12 300 í 113 200. Liðurinn verður sundurliðaður í B-hluta.

Liðurinn Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknameiðstöðva, elliheimila og læknaþústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa hækkar um 50 718 þús. kr. í 294 070 þús. kr. Þar af er framlag til elliheimila 17 600 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 204.

Lagt er til, að veittur verði byggingarstyrkur til St. Jósepsspítala í Hafnarfirði 3 500 þús. kr.

Liðurinn námskeið sjúkraliða hækkar um 600 þús. kr. í 1 200 þús. kr.

Framlag til sjúkraflugs hækkar um 650 þús. kr. í 1 600 þús. kr.

Lagt er til, að tekinn verði inn að nýju liðurinn til tækniástoðar við sveitarfélög vegna vatns- og skólpeitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála 3 000 þús. kr.

Lagt er til, að framlag til áfengisvarna á vegum áfengisvarnaráðs hækki um 250 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til Stórstúku Íslands hækki um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr.

Um 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, og liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, hækka samtals um 301 þús. kr. í 20 722 þús. kr.

Um 1 10 Samgönguráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn Vegagerð: Til einstaklinga, heimila og samtaka hækki um 2 492 þús. kr. Hér er um að ræða skuld á liðnum frá árinu 1973 vegna vanáætlunar, hækkun styrkja til að halda uppi byggð og gistingu og skuldagreiðslur og rekstrarkostnaðar vegna Fornahvamms.

Lagt er til, að launaliður á aðalskrifstofu Vita- og hafnamálastofnunarinnar verði hækkaður um 535 þús. kr. vegna vanáætlunar í frumvarpi.

Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 144 000 þús. í 444 000 þús. kr. Sundurliðun er á þskj. 204.

Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar í samræmi við hækkun til hafnarmannvirkja og lendingarbóta (samkv. ákvæði í hafnalögum) um 17 300 þús. kr.

Framlag til sjóvarnargarða lækkar um 1 300 þús. kr. í 2 700 þús. kr.

Framlag til fjárfestinga hjá Flugmálastjórn hækkar um 33 800 þús. kr. í 172 000 þús. kr. Sundurliðun er á þskj. 204.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til flugbjörgunarsveita hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. kr. og að enn fremur verði flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík veittur styrkur til bifreiðarkaupna, 300 þús. kr.

Lagt er til, að það fé, sem samgönguráðuneytið hefur til að bæta hreinlætisaðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum, verði hækkað úr 1 000 þús. kr. í 2 540 þús. kr. vegna áætlunar um framkvæmdir í þeim málum, sem Náttúruverndarráð og samgönguráðuneytið standa að.

Nýr liður: Til að bæta aðstöðu ferðamanna við Gullfoss 5 000 kr., vegna fyrirætlana um að byggja nýjan skála við Gullfoss.

Um 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Lagt er til, að liðurinn til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði hækki um 1 000 þús. kr. í 7 500 þús. kr.

Lagt er til, að veittar verði 2 000 þús. kr. til endurskoðunar áætlana um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar og annarra þarfa með hliðsjón af nýjum viðhorfum í orkumálum.

Alþingi, 10. des. 1973.

Geir Gunnarsson,
form., frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Ingvar Gíslason.

Ágúst Þorvaldsson.

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fjárveitinganefnd Alþingis,
Reykjavík.

7. des. 1973.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið staðfesta, að það hefur ákveðið að nota ekki heimild þá, sem veitt er í 6. gr. LVI. fjárlaga 1973 til 15% niðurskurðar fjárveitinga, gagnvart fjárveitingum til framkvæmda 1973.

Halldór E. Sigurðsson. Jón Sigurðsson.